

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Thorarensen
Elísabet Guðmundsdóttir
Jelena Kuzminova
Anna von Heynitz
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Margrét Lára Jónsdóttir

2. fiðla

Hekla Arnardóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Sigríður Helga Þorsteinsdóttir
Dagrún Hjartardóttir
Sigrún Daniélsdóttir Flóvenz
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víóla

Páll Ingvarsson
Elín Björk Jónasdóttir
Sólrún Sigurðardóttir
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Bianca Tighe
Sverrir Teitsson
Hrefna Guðmundsdóttir
Matylda Hermanska

Bassi

Kjartan Guðnason
Jón Hörður Jónsson
Gunnar Hrafnsson

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Gunnar Þorgeirsson
Guðrún Másdóttir

Englahorn

Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Kristín Þóra Pétursdóttir

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Berglind Bjarnadóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Halldór Bjarki Arnarson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Ólafur Elliði Halldórsson

Básúnur

Valgeir Geirsson
Brynjar Óskarsson
Finnbogi Óskarsson

Píanó

Björn Pálmi Pálmason

Í Hljómeyki syngja:

Sópran: Alda Úlfarsdóttir, Elín Arna Aspelund, Heiður Lára Bjarnadóttir, Helga Magnúsdóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir

Alt: Brynhildur Auðbjargardóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Tinna Jóhanna Magnusson, Valborg Steingrímsdóttir, Valgerður G. Halldórsdóttir

Tenór: Björn Hjaltason, Hákon Þrastar Björnsson, Hjörtur Þorbjörnsson, Oddur Smári Rafnsson, Þorbjörn Rúnarsson

Bassi: Egill Gunnarsson, Finnur Jónsson, Gunnar Guðnason, Pétur Eggertsson

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða sunnudaginn 12. febrúar 2017 í Seltjarnarneskirkju. Stjórnandi verður Oliver Kentish.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar: <http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2016.



Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í samvinnu við Nótuna 2016 og sönghópinn Hljómeyki

í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 4. desember 2016 kl. 17:00



Klara Margrét Ívarsdóttir



Anna Katrín Hálfðanardóttir



Jóhanna Brynja Ruminy og Jóhann Örn Thorarensen

Einleikarar:

Klara Margrét Ívarsdóttir, Anna Katrín Hálfðanardóttir,
Jóhanna Brynja Ruminy og Jóhann Örn Thorarensen

Stjórnandi:

Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara

Efnisskrá:

Veronique Vaka: Umbra (frumflutningur)

Joseph Haydn: Píanókoncert nr. 11, í D-dúr, 1. kafli

Vivace

Einleikari: Klara Margrét Ívarsdóttir

Vittorio Monti: Czárdás

Einleikari: Anna Katrín Hálfðanardóttir

– HLÉ –

Gabriel Fauré: Pavane, op. 50

Johann Sebastian Bach: Konsert fyrir tvær fiðlur og strengi, BWV 1043

Vivace

Largo ma non tanto

Allegro

Einleikarar: Jóhanna Brynja Ruminy og Jóhann Örn Thorarensen

Flytjendur og verk:

Veronique Vaka er sellóleikari og tónskáld frá Montréal í Kanada. Hún stundaði nám í sellóleik við College Vincent-d'Indy and Electroacoustic studies við Háskólann í Montréal. Hún fékk styrk frá Listaráði Kanada til að dvelja á Íslandi í tíu mánuði við tónsmíðar 2012-2013. Hún lék þá með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, sem frumflutti verk hennar "Tveir heimar". Veronique hefur búið um skeið á Íslandi og stundar nú nám til meistaraþráðu í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Hún hefur tekið þátt í tónlistarflutningi, bæði sem hljóðfæraleikari og tónskáld, með ýmsum listamönnum hér á landi, í Bretlandi, Kanada, Rússlandi og Þýskalandi. Hún hefur auk þess samið kvikmyndatónlist. Nýja verkið hennar, **Umbra**, sem hér verður frumflutt, er túlkun á hreyfingum skugga í fjallendi. Ljósí er teft gegn skuggum, líkt og hinu þekktu gegn hinu óþekktu.

Franz Joseph Haydn (1732-1809) samdi ógrynni af tónlist á langri ævi. Hann átti sér marga samverkamenn og nemendur og oft er ekki fullljóst hvaða verk eru eftir hann sjálfan og hve stóran hlut aðrir áttu í verkunum. Af 11 verkum fyrir píanó og hljómsveit eru einungis þrjú sem eru hans svo ekki verður um villst. Píanókoncertinn nr. 11 er eitt þeirra. Konsertinn var saminn á árunum 1780-1783 og gefinn út á prenti 1784. Á forsiðu er þess sérstaklega getið að þetta sé eini píanókoncert tónskáldsins sem komið hafi út fram til þessa. Flestir hinna voru ekki gefnir út fyrir en að Haydn látinum.

Klara Margrét Ívarsdóttir er 13 ára nemandi í Hagaskóla. Hún hóf tónlistarnám sitt 5 ára gömul í Wisconsin í Bandaríkjunum. Haustið 2013 flutti Klara til Íslands og hóf nám í píanóleik við Tónlistarskóla Kópavogs hjá Birnu Hallgrímsdóttur. Klara Margrét æfir einnig fimleika af kappi með keppnishóp Stjórnunnar.

Vittorio Monti (1868 – 1922) var ítalskt tónskáld, fiðluleikari, mandólínleikari og stjórnandi. Monti fæddist í Napolí og starfaði lengi í París. Hann samdi meðal annars balletttónlist og óperettur, og eftir hann liggur kennslubók í mandólínleik. Langþekktasta verk hans er Czárdás sem hann samdi 1904 fyrir fiðlu og píanó. Það er til í ótal útsetningum fyrir ýmis hljóðfæri og hljóðfærahópa. Annars er czárdás upprunalega gamall ungverskur þjóddans sem einkennist af miklum hraðabreytingum, byrjar hægt og endar mjög hratt.

Anna Katrín Hálfðanardóttir er 15 ára nemandi í Garðaskóla. Hún hefur stundað tónlistarnám síðan 2007, fyrst hjá Kristínu Björgu Ragnarsdóttur í Tónlistarskóla Garðabæjar, síðan hjá Guðnýju Guðmundsdóttur í Tónlistarskólanum í Reykjavík.

Gabriel Fauré (1845-1924) var á sinni tíð sennilega betur þekktur sem hljóðfæraleikari og kennari en tónskáld. Hann féll að nokkru leyti í skuggan af samtíðarmönnum sínum, svo sem Camille Saint-Saëns, Hector Berlioz og Georges Bizet. Í seinni tíð hafa tónsmíðar hans gengið í endurnýjun lífdaga og orðið vinsælli með hverju árinu. Fauré samdi Pavane árið 1887 fyrir litla hljómsveit til flutnings á léttum sumartónleikum. Verkið óx þó í meðförunum og varð strax gríðarlega vinsælt. Fljótlega varð til útgáfa þar sem bætt var við kór og ballett. Pavane er upphaflega rólegur og virðulegur spánskur hirðdans. Vinsældir verks Faurés urðu öðrum hvatning til að semja í svipuðum stíl og er Pavane Ravels ef til vill þekktust þessara verka.

Konsertinn fyrir tvær fiðlur BWV 1043 er meðal þekktustu verka **Johanns Sebastian Bachs (1685-1750)**, og er þó af mörgu að taka. Fullyrða má að enginn fiðluleikari kemst til vits og ára án þess að takast á við þetta magnaða verk. Talið er að Bach hafi samið konsertinn á árunum 1717-1723 þegar hann var tónlistarstjóri við hirðina í Anhalt-Köthen. Sum af mögnuðustu verkum hans voru samin á þessu tímabili, til dæmis Brandenburgarkonsertarnir. Sjálfur hefur Jóhann Sebastian varla verið óánægður með konsertinn því nokkrum árum síðar gerði hann aðra útgáfu verksins, nú fyrir tvo sembala og hljómsveit og breytti tóntegund úr d í c-moll. Þannig endurnýttu önnur kafin tónskáldin gjarnan verk sín og annarra, ef þeim þótti vel hafa tekist til. Upphafskafinn í Jónaóratóriunni var til dæmis upphaflega saminn til heiðurs drottningunni á afmæli hennar.

Jóhanna Brynja Ruminy og Jóhann Örn Thorarensen eru bæði nemendur Auðar Hafsteinsdóttur í Tónskóla Sigursveins. Jóhanna er fædd 1998 og hefur lært á fiðlu síðan 2003, fyrst hjá Aðalheiði Matthíasdóttur. Hún er nemandi í MH. Jóhann er fæddur 1997 og hefur stundað sitt tónlistarnám síðan 2002. Hann hóf fiðlunám hjá Helgu Steinunni Torfadóttur, lærði síðan hjá Aðalheiði Matthíasdóttur áður en hann hóf nám hjá núverandi kennara sínum. Hann er nemandi á síðasta ári í MR.

NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla - var haldin í sjöunda sinn vorið 2016. Tónlistarnemendur frá tónlistarskólum landsins komu saman og sýndu afrakstur náms síns. Markmið Nótunnar eru meðal annars:

- að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar, og efla listir, menntun og menningu í samfélaginu.
- að bjóða upp á faglega hvetjandi vettvang fyrir tónlistarnemendur á öllum aldri, út um allt land.
- að gefa ungu tónlistarfólki tækifæri til að flytja tónlist og hlýða á aðra við metnaðarfullar aðstæður.
- að hvetja tónlistarnemendur til dáða með því að veita þeim viðurkenningu fyrir afrakstur vinnu sinnar og frammistöðu.
- að efla vitund um mikilvægt hlutverk tónlistarskóla á sviði menntunar, lista og menningar.
- að efla skilning á víðtæku framlagi tónlistarfræðslu og tónlistar til þjóðarbúsins sem og mennsku samfélagsins.
- að efla tónlistarfræðslu og tónlistarlíf á Íslandi.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna gengur nú til samstarfs við Nótuna með því að gefa fjórum ungum tónlistarmönnum, þáttakendum í uppskeruhátíðinni 2016, tækifæri til að leika einleik með hljómsveitinni. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þakkar þeim Klöru Margréti, Önnu Katrínu, Jóhönnu Brynju og Jóhanni Erni ánægjulega samvinnu og óskar þeim gæfu á tónlistarbrautinni.